

# Heilsuleikskólinn Urðarhóll

Starfsáætlun 2025 – 2026

**Urðarhóll**



**Sunnuhóll**



**Stubbasel**



Kópavogsbær  
Október 2025

|                                            |    |
|--------------------------------------------|----|
| <b>Efnisyfirlit</b>                        |    |
| Formáli .....                              | 3  |
| Inngangur .....                            | 3  |
| Skólastarfið/Leiðarljós.....               | 4  |
| Mat á skólastarfi.....                     | 5  |
| Innra mat leikskólans.....                 | 5  |
| Ytra mat.....                              | 8  |
| Umbótaáætlun .....                         | 9  |
| Áherslur í starfi leikskólans.....         | 9  |
| Þróunar- og nýbreytnistarf .....           | 10 |
| Foreldrasamstarf .....                     | 11 |
| Foreldraráð.....                           | 11 |
| Foreldrafélag .....                        | 11 |
| Starfsfólk .....                           | 11 |
| Símenntunaráætlun .....                    | 12 |
| Skipulagsdagar.....                        | 12 |
| Aðrar upplýsingar .....                    | 13 |
| Húsnæði og lóð.....                        | 13 |
| Skólaárið 2024 - 2025 .....                | 13 |
| Ósk um viðhald skólaárið 2025 – 2026 ..... | 14 |
| Öryggismál.....                            | 14 |
| Lokaorð.....                               | 14 |
| Fylgigögn .....                            | 15 |
| Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun .....          | 15 |
| Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun .....     | 15 |
| Fylgiskjal 3 - Leikskóladagatal .....      | 15 |
| Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs .....   | 15 |

## Formáli

Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af aðalnámskrá, námskrá leikskóla Kópavogs og skólanámskrá leikskólans. Starfsáætlun veitir starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum upplýsingar um starfsemi leikskólans. Fjallað er um hvernig faglegt starf gengur fyrir sig, hvernig það gekk á síðastliðnu ári og hvernig unnið verður að umbótum.

Foreldraráð leikskólans gefur umsögn með starfsáætluninni sem síðan fer til samþykktar hjá leikskólanefnd Kópavogs. Ítarlegri upplýsingar um leikskólann, stefnu hans, dagskipulag, foreldrasamstarf og fleira má finna í skólanámskrá og á heimasíðu leikskólans.

## Inngangur

Síðasta skólaár byrjaði á stjórnendaskiptum. Þar sem Sigrún Hulda Jónsdóttir lét af störfum eftir margra ára starf. Við þökkum henni fyrir vel unnin störf síðustu ár og það mark á skólann sem hún hefur sett. Við tókum við mjög góðu búi af henni, þar sem undirstöðurnar eru traustar og starfsaldur margra hár. Enginn vafi er um það að leikskólinn hefur verið vel rekinn í hennar tíð. Rebekka Gylfadóttir, sem var þá aðstoðarleikskólastjóri, tók við leikskólastjórastöðunni 15. október 2025. Hún tók sér eitt ár frí frá sinni stöðu og var Ingibjörg Sólrún Ágústs dóttir ráðin sem aðstoðarleikskólastjóri og tók við þeirri stöðu þann 1. nóvember 2025. Aðstoðarleikskólastjórastaðan var einungis auglýst innanhúss til eins árs en verður auglýst núna í október á Alfreð.

Áskoranirnar hafa aðallega falist í því að vera tveir nýir stjórnendur, sem þó hefur verið skemmtilegt og gefandi ferli. Það tekur tíma að slípast saman og læra nýtt hlutverk.

Á síðasta skólaári var mikil kjarabarátta leikskólakennara. Leikskólakennarar fóru í „skæruverkföll“ og fundum við hvað neikvæð umræða fjölmiðla og samfélagsins hafði mikil áhrif á leikskólakennarana okkar og skólasamfélagið í heild sinni.

Innleiðingarstarf barnasáttmálans gekk vel á síðasta skólaári en þar vorum við aðallega að skoða innviði skólans og næsta skólaár fer í að innleiða fimm aðgerðir. Innleiðingarteymi skólans nýtti síðasta ár í að setja saman aðgerðir sem ákveðið var að stefna á að hrinda í framkvæmd næstkomandi skólaár. Þetta eru einfaldar aðgerðir sem passa vel við skólastarfið.

Það var umfangsmikil vinna í að setja saman nýja skólanámskrá síðasta skólaár og var hún send leikskóladeildinni í júní 2025. Ákveðið var að semja ný einkunnarorð fyrir Urðarhól þar sem einkunnarorðin sem höfðu verið notuð sem yfirmarkmið heilsustefnunnar. Ákveðið var að sameina næringu og hreyfingu í heilbrigði og bæta við vináttu. Því eru nýju einkunnarorðin Heilbrigði, Sköpunargleði og Vináttu. Bíðum spennt eftir að yfirlestri lýkur og við getum birt nýja skólanámskrá.

Sjálfsprótni leikurinn hefur verið mikilvægur í öllu skipulagi skólans í vetur þar sem honum hefur verið gert hátt undir höfði. Áhersla var á að leiknum væri gefið tími og rými til að njóta sín. Lögð var aukin áhersla á að starfsfólk áttaði sig á tilgangi og mikilvægi sjálfsprótna leiksins þannig að börnin gætu farið á dýptina í leiknum og leikurinn ekki stöðugt brotinn upp.

## Skólastarfið/Leiðarljós

Hugmyndafræðin sem unnið er eftir í Heilsuleikskólanum Urðarhóli er samkvæmt Heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur, lögum um leikskóla, Aðalnámsskrá leikskóla, Námskrá Kópavogs, Umhverfisstefnu leikskóla Kópavogs, Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna, Heimsmarkmiðunum og heiltæka skólustefna. Skólanámsskrá Heilsuleikskólans Urðarhóls byggir á því að hafa heilsu og vellíðan barnanna í fyrirrúmi. **Markmið heilsustefnunnar er að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á næringu, hreyfingu og sköpun og einkunnarorð Urðarhóls eru heilbrigði, vinátta og sköpunargleði.**

Í Heilsuleikskólanum Urðarhóli er unnið samkvæmt Heilsustefnunni sem var mótuð hér í skólanum þ.e. í Skólatröð á árunum 1995 – 1996 og eru 23 leikskólar víðsvegar um landið sem starfa samkvæmt þeirri stefnu í dag. Einkunnarorð leikskólans eru samofin öllu starfi skólans. Við teljum að við getum aukið gleði, vellíðan og sjálfstraust barnanna með því að stuðla að almennu heilbrigði gegnum næringu, hreyfingu og útveru. Einnig teljum við að sköpun sé góð aðferð til að fá útrás fyrir tilfinningar sínar með söng, leiklist, dansi og fá að skapa óhindrað úr verðlausum og opnum efnivið.

Heilbrigðisþátturinn skipist gróft í 3 þætti. Fyrst er það hreyfiþátturinn en þar er lögð áhersla á að auka samhæfingu, jafnvægi, kraft og þor. Auk þess að efla vitneskju um líkamann, styrkja sjálfsmynd, stuðla að betri hreyfifærni, auðvelda samskipti og læra hugtök. Í öðru lagi er næringarþáttur. Við leggjum áherslu á að hafa sem minnst af viðbótar fitu, sykri og salti í matnum og lögð er áhersla á mikilvægi fæðuhringsins og matarhefðir í hávegum hafðar. Öll börn fá lýsi sem viðbót við fæðuna til að fyrirbyggja skort á D vítamíni. Í Urðarhóli bjóðum við uppá ferskmeti sem unnið er hér á staðnum. Í þriðja lagi er lögð áhersla á að svefnþörf barnanna sé fullnægt í skólanum. Lögð er áhersla á sköpun til að örva tjáningu, auka hugmyndaflug, sköpunargleði og að kynnast mismunandi efniviði og handfjatla hann, einnig að skynja fegurð í umhverfinu. Í starfi skólans er reynt að hafa einfaldleikann í fyrirrúmi og að njóta líðandi stundar. Lögð er áhersla á vinátta. Það er gert með því að kenna virðingarrík samskipti milli barna, starfsmanna og foreldra.

**Eins og fram kemur í Aðalnámsskrá leikskóla eru** grunnþættir menntunar settir fram sem sex þættir. Þeir tengjast innbyrðis í menntun og skólastarfi og eru háðir hver öðrum. Með því að hugsa út frá þeim skapast heildarsýn um skólastarfið. Þeir byggja á þeirri hugmynd að ekki geti orðið virkt lýðræði án læsis á hvers konar táknerfi og samskiptakerfi samfélagsins. Þeir eru einnig byggðir á því að virkt lýðræði þrífist aðeins ef jafnframt er stuðlað að hvers konar jafnrétti milli einstaklinga og hópa í samfélaginu. Mannréttindi allra verða ekki tryggð nema stuðlað sé að heilbrigði og velferð hvers og eins og baráttu gegn mismunum og hvers konar ofbeldi, þar með töldu einelti.

Sjálfbærni snýst um samspil umhverfis, efnahags, samfélags og velferðar. Sjálfbærni felur í sér virðingu fyrir umhverfinu, ábyrgð, heilbrigði, lýðræðisleg vinnubrögð og réttlæti ekki bara í nútíma heldur líka fyrir komandi kynslóðir. Þannig er óhugsandi að unnt sé að stuðla að mannréttindum án þess að jafnframt sé leitað eftir sjálfbærni og jafnvægi í þróun samfélagsins. Sjálfbærni er einnig háð því að hugað sé að jafnrétti þjóðfélagshópa. Lýðræði, mannréttindi, heilbrigði og velferð felast þannig í sjálfbærni en eru jafnframt sjálfstæðir grunnþættir menntunar.

Menntun til sjálfbærni, jafnréttis, lýðræðis- og mannréttinda miðar að því að börn og ungmenni skilji samfélagið eins og það er og hvernig það þróast. Jafnframt miðar þessi menntun að því að börn og ungmenni verði fær um að taka þátt í að móta samfélagið og öðlist þannig sýn til framtíðarinnar og hugsjónir til að beita sér fyrir. Með því að nota orðin og orðasamböndin sjálfbærnimenntun, lýðræðis- og mannréttindamenntun og jafnréttismenntun er ekki endilega verið að móta nýjar námsgreinar eða ný námssvið heldur eru orðin notuð til vísbendingar um námsefni og viðhorf sem leggja skal áherslu á.

Sköpun er nauðsynlegur þáttur í allri menntun og nær þannig til allra annarra grunnþátta. Sköpun er mikilvægur þáttur í öllu námi og starfi, ekki einungis í listmenntun. Allir grunnþættirnir eiga sér rætur í gagnrýnninni hugsun, ígrundun, vísindalegum viðhorfum og lýðræðislegu gildismati.

Grunnþættirnir eru þó ekki nýtt flokkunarkerfi námsþátta heldur skilgreindir til þess að skerpa markmið skólanna og tengja þau saman. Flest atriði skólastarfs má fella undir fleiri en einn grunnþátt og mörg þeirra undir hvern þeirra sem er.

#### Námssvið leikskólans - Samþætt og skapandi leikskólastarf

Börn læra í gegnum leik og daglegt starf innan dyra sem utan. Þau læra í samvinnu við önnur börn og þegar þau fá stuðning og hvatningu frá kennurum. Góður tími er gefinn fyrir leikinn í skólanum og er reynt að láta sjálfsprottna leikinn hafa nægan tíma í skólastarfinu, þar sem hver einstaklingur fær að njóta sín með þau leikefni sem eru í boði, bæði inni og úti. Allt starf leikskólans byggir á því að börn læra best í gegnum leik. Námssvið leikskóla; **læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning** eru samþætt og samofin öllu starfi leikskólans. Markmið og leiðir má finna í skólanámskrá Urðarhóls.

## Mat á skólastarfi

### Innra mat leikskólans

Tilgangur innra mats er að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá menntun og þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum. Innra mat er byggt á viðmiðum sem eru sett fram í aðalnámskrá, skólanámskrá leikskólans og starfsáætlun. Það veitir upplýsingar um starfshætti, stuðlar að umbótum og auknum gæðum. Matið á að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Áherslur í mati á starfsemi leikskólans Urðarhóls eru á *stöðu, framfarir og líðan barna, markmið og stefnu skólans, stjórnun og vellíðan starfsfólks og viðhorf foreldra*. Leikskólastjóri ber ábyrgð á innra mati, matsteymi leikskólans sér um skipulagningu og framkvæmd matsins en matið er samvinnuverkefni alls starfsfólks. Matsteymið leggur fram matsáætlun sem borin er undir stjórnendur og starfsfólk en þar eru skilgreindir þættir sem meta skal á hverju skólaári, þættir sem skoðast sjaldnar ásamt fyrir fram ákveðnum þáttum um grunnþætti menntunar.

| Matsþættir                                                          | 2024-2025 | 2025-2026 | 2026-2027 | 2027-2028 |
|---------------------------------------------------------------------|-----------|-----------|-----------|-----------|
| <b>Stjórnun</b>                                                     |           |           |           |           |
| Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi                                  | x         | x         |           | x         |
| Stjórnun skólans og daglegur rekstur                                | x         | x         |           | x         |
| Faglegt samstarf                                                    | x         | x         |           | x         |
| Leikskólaþróun og símenntun                                         | x         | x         |           | x         |
| Skólanámskrá (Endurskoðuð á 5 ára fresti)                           | x         |           |           |           |
| Starfsáætlun                                                        | x         | x         | x         | x         |
| Áætlanir og verklagsreglur (Læsisáætlun, málstefna og áfallaáætlun) |           | x         |           | x         |
| <b>Uppeldis- og menntastarf</b>                                     |           |           |           |           |
| Skipulag náms og námsaðstæður                                       | x         | x         | x         | x         |
| Uppeldi, menntun og starfshættir                                    | x         | x         | x         | x         |
| Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka                      | x         | x         | x         | x         |
| Námssvið leikskólans                                                | x         | x         | x         | x         |
| Leikskóli margbreytileikans                                         | x         | x         | x         | x         |
| Mat á námi og velferð barna                                         | x         | x         | x         | x         |
| <b>Samþætt og skapandi leikskólastarf</b>                           |           |           |           |           |
| Sjálfbærni og vísindi                                               | x         |           |           |           |
| Læsi og samskipti                                                   |           | x         |           |           |
| Heilbrigði og vellíðan                                              |           |           | x         |           |
| Sköpun og menning                                                   |           |           |           | x         |
| <b>Mannauður</b>                                                    |           |           |           |           |
| Hlutverk leikskólakennara                                           | x         |           | x         |           |
| Fagmennska starfsfólks                                              | x         |           | x         |           |
| Starfsánægja                                                        | x         | x         | x         | x         |
| <b>Leikskólabragur</b>                                              |           |           |           |           |
| Viðmót og menning                                                   |           | x         |           | x         |
| Velferð og líðan barna                                              | x         | x         | x         | x         |
| Þátttaka foreldra í leikskólastarfi                                 |           | x         |           | x         |
| Viðhorf foreldra                                                    | x         | x         |           | x         |
| <b>Innra mat</b>                                                    |           |           |           |           |
| Skipulag og viðfangsefni                                            | x         | x         | x         | x         |
| Gagnaöflun og vinnubrögð                                            | x         | x         | x         | x         |
| Opinber birting og umræður                                          | x         | x         | x         | x         |

Skólaárið 2025-2026 verður lögð áhersla á læsi og samskipti í innra mati.

#### Innra mat 2024 - 2025

##### Heilsubók barnsins

Einstaklingsmat er gert tvisvar á ári þar sem kennarar deilda meta stöðu barns í þroska og getu í áherslum skólans þ.e. næring, hreyfing, sköpun og félagsleg færni. Í heilsubókarmati fær kennari

yfirlit á stöðu barnanna í þeim þáttum sem skólinn leggur áherslu á og er gott aðhald í að efla og styðja við námsumhverfi barnanna. Foreldrar fá svo viðtal þar sem farið er yfir stöðu barnsins í þroska í afmæls mánuði barnsins.

## EFI 2

Málþroskamat er lagt fyrir öll börn á þriðja aldursári þ.e. þar sem skilningur og framburður barns er skoðaður. Börn sem koma út undir meðalfærni fá viðbótarkennslu hjá sérkennara. Þau börn sem fá viðbótarkennslu eru endurmetin eftir 3 mánuði og þá metið hvort frekari íhlutun sé þörf. Sérkennari gerir einstaklingsáætlun um þá þætti sem þarf að örva hjá viðkomandi barni og endurmat eftir íhlutun. Sérkennari skilar niðurstöðum og endurmati til kennara sem kemur þeim til foreldra barns. Alls voru 33 börn skimuð. 10 komu út með slaka eða mjög slaka færni í tjáningu og 20 með góða eða mjög góða færni í tjáningu. 8 börn eru með slaka eða mjög slaka færni í skilningi og 22 með góða eða mjög góða.

Ekki var hægt að leggja prófið fyrir tvo og einn sem tók ekki prófið.

## Hljóm - 2

Málþroskamat þar sem hljóðkerfisvitund barnsins er metin. Þau börn sem koma undir meðal færni fá viðbótarkennslu hjá sérkennara og endurmat tekið eftir 9 mánuði. Sérkennari gerir einstaklingsáætlun um þá þætti sem þarf að örva hjá viðkomandi barni og endurmat eftir íhlutun. Sérkennari skilar niðurstöðum og endurmati til kennara sem kemur þeim til foreldra barns. Alls voru 35 börn skimuð. 4 komu út með mjög slaka færni, 2 slaka færni, 17 í meðal færni og 10 með góða færni. Ekki var hægt að taka prófið á einu barni og eitt barn hætti hjá okkur áður en prófið var tekið.

## Mat barna

Börnin eru spurð út í líðan í skólastarfinu þar sem farið er yfir fastar stundir, frjálstan leik, útiveru og fleira. Hugmyndir þeirra eru nýttar til að efla starf skólans eins og til dæmis á Öskudaginn var dagurinn skipulagður af þeim þar sem var pítsa og litað vatn í boði og borðað á hlaðborði á gólfinu.

Ákveðið var að þetta skólaár 2025-2026 yrði fimm ára matið fært, og framkvæma það að hausti í stað þess að hafa það að vori eins og hefur verið gert. Til þess að börnin fái að upplifa að hlustað sé á það sem þau segja skipti máli.

## Öskudagur

Öskudagurinn hefur verið með hefðbundnu sniði en í fimmta sinn vorum við með heimagerða búningar sem er partur af umhverfisvernd og sjálfbærni. Börnin gerðu sína búninga sjálf og tók ferlið allt að 4 – 8 vikur frá hugmyndarvinnu, hönnun og svo að nota búninginn á öskudaginn. Almenn ánægja er meðal barna, foreldra og kennara með fyrirkomulagið. Listasmiðju var breytt í flæðismiðju annað árið í röð þar sem börn og kennarar mættu þegar áhugi og tími gafst til óháð því hver ætti listasmiðju þann daginn.

## Námssvið leikskóla

Námssvið sem metið var síðastliðið skólaár sjálfbærni og vísindi. Það kom í ljós að deildar eru mikið að vinna með sjálfbærni og vísindi í daglegu starfi. Allar deildar leggja áherslu á útiveru og fara út í öllum veðrum. Þessar greinar samtvinnast inn í listastarf, hópastarf og samverustundir. Það var samhljómur um að mikilvægt væri að skerpa á persónulegu hreinlæti og handþvotti. Flestar deildar voru duglegar að fara í vettvangsferðir en margar nefndu að þau vildu nýta betur lærdómstækifærin sem liggja í vettvangsferðum. Þær bætingar sem kennarar okkar töluðu helst um var að verða meðvituð um að nota hin ýmsu stærðfræði og vísinda hugtök í daglegu starfi og athöfnum.

**Starfsmannasamtöl**

Síðasta skólaár var byrjað í febrúar að taka starfsmannasamtöl að taka alla í starfsmannasamtal í ár. Auk þess voru óformleg samtöl við starfsfólk allt árið.

**Ytra mat**

Tilgangur ytra mats er að tryggja gæði starfsins í leikskólanum, að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerðir og aðalnámskrár leikskóla. Ytra mat á að auka gæði náms og skólastarfs, stuðla að umbótum og tryggja að réttindi, öryggi og vellíðan barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Framkvæmd ytra mats í leikskólanum er meðal annars gert með því að skoða fyrirbyggjandi gögn um starfsemi skóla, heimsóknum, viðtölum við börn, starfsfólk skóla og foreldra af utanaðkomandi aðila. Ytra mat kemur ekki í stað innra mats af því að forsendur þess að leikskólinn nýti sér niðurstöður ytra mats til umbóta er að hann hafi áttað sig á styrk- og veikleikum sínum í gegnum innra mat.

**Skólapúlsinn starfsfólk**

Skólapúlsinn lagði mat fyrir starfsmenn Urðarhóls vorið 2025. Þar kom Urðarhóll vel út í samanburði við landið þ.e. var í flestum atriðum yfir meðallagi. Það sem þarf að bæta eru starfsmannasamtölin og þátturinn um þróunarverkefni er líka ábótavant. Mikil ánægja með styttingu vinnuviku kom fram sem og með stuðning í leikskólanum við börn með sérþarfir.

Í opnum spurningum um hvað gæti aukið líðan í starfi, samskipti við barnahópinn og daglegt starf var mjög áberandi í svörum starfsfólks að fækka þyrfti börnum á deildum.

**Skólapúlsinn foreldrar**

Skólapúlsinn lagði könnun fyrir foreldrahópinn í febrúar 2025 og fékkst 87,9% svörin þ.e. 98 af 112 þátttakendum svöruðu.

Helstu niðurstöður eru að Urðarhóll er rétt yfir meðallagi í flestu aðeins undir í öðru og það sem stendur upp úr er ánægja með hollt mataræði, þekking á stefnu og námskrá skólans og ánægja með flutning á milli skólastiga. Óánægja með leikskólabyrjun í Urðarhóli og munum við endurskoða það ferli hjá okkur.

Í opnum spurningum um hvað má betur fara sögðu nokkrir að bílastæðamálin við leikskólann þyrfti að laga og gera hjóla/vagna skýli til að það sé hvetjandi að nota þann ferðamáta. Eins kom fram ósk um færri börn á deildum sem er í takti við það sem kom fram í starfsmannakönnuninni.

**Heilbrigðiseftirlit**

Heilbrigðiseftirlitið kom í reglubundið eftirlit í byrjun október 2024. Varðandi eldhúsið komu eftirfarandi frávík fram. Það vantaði læsingu á ræstivöru sem geymdar voru í hillu undir ofninum, það vantaði flugnaljós og hætta á að sandur berist inn í vörugeymslu frá leiksvæði. Búið er að setja læsingu á ræstivörunar og setja upp flugnaljós og áhersla er á að sópa oftast svæðið fyrir framan vörugeymsluna.

Í Urðarhóli komu einnig fram nokkur frávík: felliborð þurfa að vera með tveimur festingum, það vantaði skolvask inn á barnasalernin, þörf á viðhaldi á hillum í ræstigeymslu, gardínubönd sumstaðar of löng og skemmdir á veggjum víða. Búið er að lagfæra þetta allt nema skemmdir á veggjum.

Á Sunnuhóli var ræstigeymslan ólæst og ræstivörur í ólæstum skáp í eldhúsi. Þetta hefur verið lagfært.



**Eldvarnareftirlit**

Slökkviliðið kom að hitta elstu börnin í Urðarhóli í byrjun október og leiðinni tóku þeir út eldvarnir í leikskólanum. Skýrslan hefur ekki borist til okkar. Í byrjun september kom starfsmaður frá Securitas til að taka út öll slökkvitæki í Urðarhóli og voru þau öll í lagi.

**Öryggiseftirlit lóða**

Heilbrigðiseftirlitið kom á haustdögum 2025 til að taka út lóðina í Urðarhóli. Helstu niðurstöður voru að of mikil mól/sandur var við leiktæki sem getur haft áhrif á virkni fallundirlags. Eins voru ábendingar um að sum leiktæki væru orðin lúin og nýttust illa.

Búið er að útbúa sameiginlega verkferla um umgengni í útiveru þar sem kemur fram að það þarf að halda mölinni í mölinni og sandinum í sandkassanum og starfsfólk verður að fylgja því eftir að börnin séu ekki að bera mól/sand á svæðin undir leiktækjum.

Skólaárið 2025-2026 verður framkvæmd vinnustaðagreining ásamt því að lögð verður fyrir foreldrakönnun á vegum Skólapúl síns.

**Umbótaáætlun**

Umbótaáætlun byggir á niðurstöðu mats og er árangur umbóta metinn formlega og sem hluti af innra mati skólans. Gagna er aflað á fjölbreyttan hátt frá öllum þeim hópum sem koma að skólastarfinu, börnum, foreldrum og starfsfólki. Viðhorfskannanir, skimanir, ferilmöppur, sjálfsmat deilda, samræmd matsblöð leikskóla Kópavogs um námssvið leikskólans og markvissar umræður starfsfólks um starfið eru dæmi um þau gögn sem notuð eru við gerð mats- og umbótaáætlana. Innra mat í Heilsuleikskólanum Urðarhóli er umbótamiðað og eru niðurstöður þess opinberar og má sjá í fylgisskjali 1.

**Áherslur í starfi leikskólans**

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna og Heimsmarkmið (í stuttu máli áherslur um hvernig unnið verður á skólaárinu, t.d. er þinn leikskóli réttindaskóli Unicef, ef ekki hvenær hyggist þið hefja það ferli?) Hvernig er unnið með „Okkar leikskóli“ verkefnið?

**Barnasáttmáli**

Á síðasta ári byrjuðum við innleiðingarferli til að verða réttindaskóli Unicef. Fyrsta ár innleiðingar felst aðallega í því að kortleggja starfið og temja okkur hugsunarhætti Unicef. Við vorum með kynningu á starfsdögum og skipuðum innleiðingarteymi. Það teymi setti fram 5 aðgerðir og við stefnum að því að framkvæma þær á næsta ári. Teymið ákvað að reyna að gera aðgerðir sem væru framkvæmanlegar en er opið fyrir öllum áttum sem verkefnið gæti þróast út í.

**Heimsmarkmiðin.**

Við höfum náð að gera heimsmarkmiðin samofin skólastarfinu hjá okkur. Við erum dugleg að endurvinnna, hugsa um náttúruna og erum meðvituð um að kenna börnunum virðingu fyrir umhverfinu.

**Okkar leikskóli.**

Í ár fengu allar deildir ákveðna upphæð fyrir okkar leikskóla. Allar deildir höfðu lýðræðislega kosning meðal barnanna um hvað skyldi gera fyrir peninginn frá okkar leikskóla. Þrjár elstu deildir ákváðu að fara saman í ferð. Tvær fóru á kaffihús og fengu kakó og ein fór í ísbúð. Fjórða elsta deildin ákvað að kaupa kúlubraut í segulkubbana þar sem börnunum fannst vanta slíkt til að geta byggt miklu betur. Yngri deildir keyptu leikefni inná deild. Allar deildir voru ánægðar með verkefnið.

**Læsis – og málstefna**

Við erum stutt á veg komin með vinnu í læsisstefnu leikskólans og málstefnu. Við höfum þó mótað okkur skoðun um þær áherslur sem við viljum setja í þær báðar og gerum við ráð fyrir að vinna við báðar stefnunnar hefjist í nóvember og verði innleiddar á vorönn.

**Skólanámskrá**

Á síðasta skólaári fór fram umfangsmikil vinna í skólanámskrá Urðarhóls. Vinnuhópur var skipaður og ný skólanámskrá leit dagsins ljós og er núna í yfirllestri. Skipaður var hópur innan skólans sem sér um verkefnið og var lögð áhersla á að fá nýtskrifaða kennara í bland með reyndari kennurum. Ingibjörg Sólrún Ágústsdóttir er ritstjóri og auk hennar eru Aldís Eva Geirharðsdóttir, Diljá Björk Atladóttir, Hjördís Brund Ingvadóttir, Margrét Sif Atladóttir, Pálína Ósk Kristinsdóttir og Rebekka Gylfadóttir. Það voru þó fleiri sem hjálpuðu til og lásu yfir, komu með hugmyndir og annað. Við erum gríðarlega stolt af okkar námskrá og hlökkum til að birta hana opinberlega. Inní námskránni komu nýjar áherslur í aðalnámskrá skýrt fram og gengur aukin áhersla á sjálfspróttinn leik vel í skólanum

**Hæfniramar í íslensku**

Deildar eru að fylla út hæfniramma fyrir börn með fjölbreyttan tungumála og menningarbakgrunn á deildarfundum. Við erum þó stutt á veg komin með vinnu með hæfniramma en stefnum á að finna okkar takt í þeirri vinnu á næsta skólaári.

**Farsældin**

Við teljum að við höfum staðið okkur vel í að innleiða farsældina hér í Urðarhóli þar sem Hjördís Stefánía Guðnadóttir, sérkennslustjóri, er í fararbroddi og er tengiliður farsældar. Hún hefur verið dugleg að bjóða þeim foreldum, þeirra barna sem á þurfa að halda, í samþættingu. Á síðasta ári voru 13 börn í samþættingu innan leikskólans. 11 börn eru í fyrsta stigs þjónustu og 2 í annars stigs þjónustu.

**Lausnarteymi**

Lausnarteymi er starftækt í leikskólanum. Það hefur fundað c.a. einu sinni í mánuði. Ýmis mál hafa komið á borð teymisins sem hefur gefið ráðleggingar og veitt málum eftirfylgni. Almenn ánægja starfsfólks hefur verið með þessa leið.

**Þróunar- og nýbreytnistarf****Réttindaskóli UNICEF**

Á síðasta ári byrjuðum við innleiðingarferli til að verða réttindaskóli Unicef. Fyrsta ár innleiðingar felst aðallega í því að kortleggja starfið og temja okkur hugsunarhætti Unicef. Við vorum með kynningu á starfsdögum og skipuðum innleiðingarteymi. Það teymi setti fram 5 aðgerðir sem við stefnum af því að framkvæma á næsta ári. Teymið ákvað að reyna að gera aðgerðir sem væru framkvæmanlegar en er opið fyrir öllum áttum sem verkefnið gæti þróast út í.

**Ný skólanámskrá**

Vegna breytinga á Aðalnámskrá fórum við í breytingar á skólanámskrá og lauk hópurinn störfum í júní þegar skólanámskránni var skilað til menntasviðs. Við viljum þó að skólanámskráin sé lifandi skjal sem breytist í takt við áherslur í skólastarfi.

**Sunnuhlíð**

Síðasta skólaár byrjuðum við markvisst með samvinnu við Sunnuhlíð. Það er ekki nýtt á nálinni og höfum við oft verið í samstarfi við þau. Hins vegar tókum við upp breytt snið. Við höfum farið einu

sinni í viku og skiptust elstu deildar á að fara. Skipulagið hefur verið þannig að við byrjum á að syngja niðri fyrir dagvistunina og því næst förum við í halarófu upp og syngjum á vistheimilinu. Sunnuhlíð hefur þá verðlaunað börnin með djúsglasi og kekköku. Þetta hefur gengið einstaklega vel og hefur verið ákveðið að halda þessu áfram næstkomandi skólaár, og munu yngri deildar einnig taka þátt.

#### K-pals

Við erum að taka þátt í þróunarverkefni sem er heitir „lestur á mörkum skólastiga“ sem er styrkt af Sprotasjóði. Um er að ræða tveggja ára verkefni sem þrír leik- og grunnskólar í Kópavogi taka þátt í. Markmiðið með þróunarverkefninu er að stuðla að aukinni samfelli í læsinnámi barna á milli skólastiga, að efla marvissa læsiskennslu í leikskólanum sem byggir á gagnreyndum aðferðum í lestrarkennslu og að efla samstarf á milli kennara og starfsfólks í leik- og grunnskóla.

Kennarar Urðarhóls munu nota K- pals lestrarkennsluaðferðina sem rannsóknir hafa sýnt fram á að skili góðum árangri. Í kennslu K-pals er lögð áhersla á hljóðkerfisvitund, hljóðgreiningu og tengsl milli rittákna og hljóða. Unnið er í þörum sem eykur félagsfærni, samskiptafærni og félagsleg tengsl. Þetta verkefni mun standa yfir í tvö ár og verður spennandi að sjá niðurstöður þess og hvert framhaldið verður.

#### Foreldrasamstarf

Foreldrar/Forsjáraðilar eru hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu, mikilvægt er að þeir séu vel upplýstir um vinnu barnanna og starf leikskólans.

#### Foreldraráð

Samkvæmt lögum þarf foreldraráð að vera starfandi við hvern leikskóla og markmið þess er að styðja við starf leikskólans. Starfsreglur og fundargerðir má finna á heimasíðu leikskólans. Í foreldraráði Urðarhóls eru þrír til fjórir fulltrúar foreldra þ.e. fulltrúi frá Stubbaseli, Sunnuhóli og svo norður og suðurvæng í Urðarhóli. Kosið var í foreldraráði á kynningarfundi á vetrarstarfi skólans þann 15. október og að þessu sinni eru þrír foreldrar í ráðinu, frá Stubbaseli, norður og suðurvæng í Urðarhóli.

#### Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og tekur stjórn þess þátt í undirbúningi og framkvæmd ýmissa viðburða, eins og jólaskemmtun barna, sumarhátíð, krakkahestar og fleira.

Kosið verður í nýja stjórn á aðalfundi foreldrafélagsins og tilkynnt í tölvupósti til foreldra og á heimasíðu leikskólans.

#### Starfsfólk

Í Heilsuleikskólanum Urðarhóli er gert ráð fyrir um 18 stöðugildum á deildum, 1 stöðu leikskólastjóra, 1 stjórnunarstöðu aðstoðarleikskólastjóra, 1 stöðu sérkennslustjóra og 2,5 stöðugildi í eldhúsi sem skiptist þannig að 2 stöður eru í Urðarhólshúsinu, 0.25 staða í Stubbaseli og 0.25 staða í Sunnuhóli sem eru móttöku eldhús. Að auki er ákveðið starfshlutfall til afleysinga vegna veikinda, undirbúningstíma og sérkennslu barna. Alls eru áætlað um 38 - 40 stöðugildi fyrir skólaárið 2025-2026

Deildarstjóri er yfirmaður hvernar deildar, en aðrir starfsmenn deilda vinna samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara, nema um sé að ræða starf vegna sérkennslu eða annarra sérverkefna. Vinnuskóli Kópavogs sendir á hverju ári unglinga til starfa í leikskólum Kópavogs.

Leikskólaárið 2025 – 2026 munu starfa í Heilsuleikskólanum Urðarhóli 24 leikskólakennarar þar af 6 með deildarstjórn og 3 í stjórnunarstöðu. Fimm starfsmenn eru með aðra háskólamenntun. Nítján eru félagsmenn SFK og eru þar af tveir í leikskólakennarafræðum og ein í leikskólaliðanámi. Deildarstjóri er yfirmaður hvernar deildar, en aðrir starfsmenn deilda vinna samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara, nema um sé að ræða starf vegna sérkennslu eða annarra sérverkefna. Vinnuskóli Kópavogs sendir á hverju ári unglinga til starfa í leikskólum Kópavogs.

|                     |      |
|---------------------|------|
| Starfsfólk innan FL | 59 % |
| Leiðbeinendur SFK   | 41 % |

Síðasta skólaár urðu breytingar á stjórnendateymi leikskólans, en Sigrún Hulda Jónsdóttir hætti störfum og Rebekka Gylfadóttir, áður aðstoðarleikskólastjóri tók við leikskólastjórastöðunni og Ingibjörg Sólrún Ágústs dóttir tók við aðstoðarleikskólastjórastöðunni til eins árs. Einnig hættu tveir starfsmenn vegna aldurs og tveir leikskólakennarar fóru í nýjan leikskóla Kópavogs. Við erum heppin í Urðarhóli þar sem við fengum tvo nýja leikskólakennara og leiðbeinendur sem hafa tekið við af þeim sem hættu. Eins fengum við til liðs við okkur öflugan íþróttakennarar sem sér bæði um íþróttir allra barna Urðarhóls sem og útinám fyrir eldri deildir. Þó þessar breytingar hafi verið eru samt kjarnastarfsfólk sem hefur langan starfsaldur í Urðarhóli og þökkum við fyrir það góða starfsfólk.

Tveir starfsmenn eru í leikskólakennarafræðum einn í grunnskólakennarafræðum og einn í leikskólabró. Tveir starfsmenn útskrifuðust sem leikskólakennarar í vor.

## Símenntunaráætlun

Leikskólastjórnendur ákvarða almenna þörf fyrir námskeið/endurmenntun út frá áhersluatriðum næsta skólaárs, óskum starfsmanna og fjárhagsáætlun skólans. Starfsfólk fer á námskeið og fyrirlestra sem nýtast skólastarfinu, auka faglegan og persónulegan þroska og hæfni starfsfólks. Starfsfólki er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á samkvæmt símenntunaráætlun (sjá fylgiskjal 2) skólans og þau eru haldin á skipulagsdögum, starfsmannafundum eða fyrir utan leikskólann. Lögð er áhersla á að hvetja starfsfólkið til að fylgjast með hvaða námskeið eru í boði fyrir leikskólastarfið og sækja þau.

## Skipulagsdagar

Skipulagsdagar í leikskólum Kópavogsbæjar eru fimm á ári. Fjórdá hvert ár geta leikskólar sótt um sjötta skipulagsdaginn til leikskólaneftar ef um námsferð erlendis er ræða. Skipulagsdagar verða nýttir til að efla fagþekkingu, styrkja starfshópinn og skipulag starfsins.

1. Föstudagurinn 26. september  
Fyrsta skipulagsdag ársins förum við yfir öryggismál, samræma starfsaðferðir, kynningu á UNICEF og næstu skrefum þar og skipuleggja skólaárið. Einnig fengum við kynningu frá talmeinafræðingi um mikilvægi málörvunar í daglegu starfi sem og fjöltyngd börn enduðum svo á fyrirlestri um jákvæða sálfræði.
2. Miðvikudaginn 12. nóvember  
Förum við í læsis- og málstefnu Urðarhóls
3. Mánudaginn 19. janúar  
Farið yfir og unnið í innleiðingarferli Unicef.
4. Þriðjudaginn 10. mars  
Mat á skólastarfinu námsþátturinn læsi og samskipti
5. Föstudaginn 15. maí  
Umbótaáætlun gerð og sumarstarfið skipulagt.

## Aðrar upplýsingar

Aldursskipting er eftirfarandi:

Börn fædd 2020 alls 40  
Börn fædd 2021 alls 37  
Börn fædd 2022 alls 30  
Börn fædd 2023 alls 19  
Börn fædd 2024 alls 3

Barnahópnum er skipt upp á deildir og erum við með fjórar deildir fyrir 2020 – 2022, tvær yngstu deildir með árganga 2022-2024 auk þess sem Skógarhóll er opnaður á vorönn fyrir börn fædd 2020. Á eldri deildum erum við með um 24 börn og um 19 börn eru á yngri deildum.

Meðal dvalartími barna er 7,07 hjá okkur og er það svipað og var í fyrra þó aðeins lægri.

Töluverð sérkennsla er þetta skólaárið eða 7,75 stöðugildi. Sérkennslan fer bæði fram í hópum sem og í einstaklingskennslu fyrir þá sem það þurfa. Teymisfundir eru á sex vikna fresti vegna 9 barna en auk þess er fundað með lengra millibili vegna 8 barna. Níu börn eru í samþættri þjónustu á fyrsta stigi og tvö á öðru stigi.

Börn með annað móðurmál en íslensku eða ISAT nemendur eru 27 í heildina. Þau koma frá 14 þjóðlöndum og 8 af 27 börnum eru með báða foreldra erlenda og því ekki töluð íslenska heima fyrir.

Athugasemd [IA1]: Þetta er rétt fyrir 2025

## Húsnæði og lóð

Skólaárið 2024 - 2025

Á síðasta skólaári fannst mygla á Stubbaseli. Við vorum þó mjög heppin þar sem mygla var ekki þessi vonda mygla þar sem þarf að loka öllu. Þó var ákveðið að loka listaseli sem er staðsett í bílskúr ofan við Stubbasel. Kom þá í ljós að þurfti að skipta um þak og var það gert um páskana. Einnig þurfti að mygla þrifa og endurnýja allt í listaskálanum þar sem öllu var hent þaðan. Í þessum viðgerðum fengum við einnig leirbrennsluofn fluttan frá Kópasteini og er starfsfólk spennt að fara að nota hann.

Loftræstingin í Urðarhóli var hreinsuð og löguð.

Skólaárið 2023-2024 fengum við nýjan þurrkara sem var venjulegur heimilisþurrkari. Hann hafði engan veginn undan því álagi sem er í 130 barna leikskóla svo haustið 2024 fengum við nýjan iðnaðarþurrkara.

Síðasta ár komu húsumsjónarmenn til starfa og finnst okkur það frábær viðbót sem við vonum að sé komin til að vera. Við höfum haft mikið og gott samstarf við hann þetta árið.

Við fengum vilyrði fyrir nýrri innréttingu í listaskálann í Urðarhóli seinasta vetur sem frestaðist vegna þess að það átti að skipta um gólfduk í leiðinni og þótti því gott að nýta sumarlokunina í það. Einhvernvegin fyrirfórst það svo nú bíðum við eftir að fá að vita hvenær það verður gert. Búið er að kjósa í nefnd hjá okkur til að hanna listaskálann.

Ósk um viðhald skólaárið 2025 – 2026

- Innréttingu í listaskála var lofað í sumarfrí 2024 en var frestað vegna þess að ákveðið var að fara líka í gólfefnið.

- Nýja dúka inn á deildir og inn í listaskála
- mála íþróttasal, kaffistofu, borðsal.
- Þarf að endurhanna eldhúsið
- Nýja stóla í kaffistofu og fundarherbergi
- Rimlar í íþróttasal
- Húsbúnað, hillur, mottu ofl. í Selið
- Nýjan vagn í eldhús
- Felliborð í Stubbasel
- Stóra skápa inn á salerni í stóra húsi

Höfum fengið vilyrði fyrir því að lóðin okkar verði tekin í gegn næstkomandi sumar og bíðum spennt eftir að byrja í hönnunarvinnu.

## Öryggismál

Í leikskólanum er starfandi öryggisnefnd og áfallaráð. Hlutverk þeirra er m.a. að stuðla að öryggi og heilbrigði starfsfólks og barna og koma í veg fyrir heilsutjón. Hlutverk áfallaráðs er að koma að málum sem hafa áhrif á andlega líðan barna og starfsfólks svo sem slys, veikindi, sorg eða einelti.

